

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 16.1.2023  
Málsnúmer: 202212-0023  
SS/IAS

### Efni: Umsögn um matsáætlun um metan- og vetnisframleiðslu á Reykjanesi.

Vísað er í tölvupóst dags. 15. desember 2022 frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um matsáætlun um metan- og vetnisframleiðslu á Reykjanesi. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér áætlunina og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Auk þess að vera innan svæðis á náttúruminjaskrá, Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg nr. 106, þá er svæðið á náttúruverndaráætlun 2004-2008: Reykjanes-Eldvörp-Hafnarberg. (<https://www.althingi.is/altext/pdf/130/s/0716.pdf>) og innan Reykjanes jarðvangs.

Þar sem framkvæmdin er háð uppsetningu gaslagnar frá jarðvarmavirkjuninni í Svarstengi væri þá ekki rétt að skoða þessar framkvæmdir saman? Verksmiðjan verður ekki reist án gaslagnarinnar og ekki er þörf á gaslagninni án verksmiðjunnar.

Verksmiðjan þarf 55 MW og verður hún beintengd Reykjanesvirkjun. Ekki kemur fram hvort samningur liggja fyrir um orkuafhendingu en 55 MW er rúmlega helmingur núverandi orkuframleiðslu Reykjanes-virkjunar og tæplega helmingur af allri orkuframleiðslu eftir fyrirhugaða stækkun virkjunarinnar í 130 MW.

Fram kemur að þörf verksmiðjunnar á ferskvatni verður að hámarki 165 000 tonn á ári og að frá verksmiðjunni komi að hámarki 67 500 tonn af vatni sem verður afgangsgagna afsöltunar á fersku vatni. Þetta vatn inniheldur engin viðbætt efni, aðeins þau sölt og steinefni sem er að finna í fersku vatni í herra hlutfalli. Skoðuð verða áhrif tveggja kosta við frárennsli, annars vegar að losa afgangsvatn til sjávar og hins vegar í grunnvatnsstraum. Er þriðji möguleikinn ekki til staðar, það er að hreinsa vatnið frekar þannig að nýtingin verði betri?

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum mats á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

